

AUGLÝSING**um breyting á staðfestri legu vegar um Ölfusárós milli Eyrarbakka og Þorlákshafnarvegjar.**

Samkvæmt ósk hreppsnefnda Ölfushrepps og Eyrarbakka hefur skipulagsstjórn ríkisins sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, hinn 16. júlí 1986 staðfest breyting á legu vegar um Ölfusárós milli Eyrarbakka og Þorlákshafnarvegjar. Breytingin nær yfir ca. 480 m langan vegarkafli sinn hvoru megin við Ölfusárós.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

26. september 1986

Nr. 415

AUGLÝSING**um útvarpsgjald.**

Útvarpsgjald, sbr. 22. gr. útvarpslaga nr. 68/1985, hefur verið ákveðið kr. 1 525,00, fyrir 4. ársfjórðung 1986.

Menntamálaráðuneytið, 26. september 1986.

F. h. r.

Knútur Hallsson.

Þórunn J. Hafstein.

29. september 1986

Nr. 416

AUGLÝSING**um staðfestingu á breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 2. júlí 1986 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi landnotkun við Dalbraut og Sundlaugaveg þ.e. staðgreinireit 1.344 og 1.348.

Breytingarnar eru fólgnar í eftirfarandi:

1. Hluti opinbers stofnanasvæðis verði útivistarsvæði.
2. Hluti útivistarsvæðis verði opinbert stofnanasvæði.
3. Hluti útivistarsvæðis verði íbúðarsvæði.
4. Gatan Leirulækur verði götustæði.
5. Gatan Dalbraut verði ein akbraut.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.